# Leikskólinn Funaborg

# 2023 – 2024



## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

FUNABORG

# Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans ........ 4

1 Greinargerð leikskólastjóra ........ 5

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 ........ 9

**2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024** ........ 15

3. Innra mat Fögrubrekku ........ 19

**3.1 Umbótaáætlun Fögrubrekku 2023-2024** ........ 21

4. Innra mat Guddumóa ........ 22

**4.1 Umbótaáætlun Guddumóa 2023-2024** ........ 23

5. Innra mat Helgustekks ........ 24

**5.1 Umbótaáætlun Helgustekk 2023-2024** ........ 26

6. Innra mat sérkennslu ........ 27

**6.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024** ........ 28

7. Innra mat – fjöltyngd börn ........ 29

**7.1 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024** ........ 30

8. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla ........ 31

9. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ........ 33

10 Foreldrasamvinna ........ 33

10. Skipulagsdagar og leikskóladagatal ........ 34

11. Fylgigögn ........ 35

**Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs** ........ 35

**Leiðarljós leikskólans**

Í hvert sinn sem þú gerir eitthvað fyrir barn sem það hefði getað gert sjálft, heldur þú aftur af þroska þess.

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólalífið einkennist af stærsta hluta af jákvæðni, fjöri, gleði, útsjónarsemi og lausnarmiðun hvort sem um ræðir barnahópinn eða starfsmannahópinn. Þó að lífið sé mjög oft flókið á leikskólanum þá er einhvern veginn ekki annað hægt en að smitast af skjólstæðingum okkar og halda ótrauð áfram veginn með gleði og hlýju í hjarta alveg eins og þau gera. Í félagslegri tengingu barna og fullorðna á milli lærum við nefnilega jafn mikið af þeim og þau af okkur.

Síðustu ár hefur líf okkar einkennst af Covid 19, þessum stóra alheimsfaraldi sem við komumst í gegnum með þrautseiglu og með því að læra alltaf meira og meira hvernig hægt er að lifa með slíkri vá.  Í vetur hafa hins vegar aðrar pestir verið duglegar að plaga alla, á leikskólanum sem og annars staðar í þjóðfélaginu.

Mikil veikindi og erfiðar pestir hafa svo sannarlega haft áhrif á starfsemi okkar í vetur. Við höfum gert okkar besta til að nota eins lítið og hægt er fáliðunarferli (með öðrum orðum "að senda börn heim".) Enn og aftur sanna börnin hversu miklir aðlögunarsnillingar þau eru. Staðan í húsinu hefur verið jöfnuð hvað eftir annað og það þýðir að kannski er kennari í dag á yngstu deildinni og á morgun á elstu deildinni. Það er jafnvel þannig að á deildinni eru ekki sömu kennarar fyrir og eftir hádegi. Börnin hafa einnig farið á milli deilda í heimsóknir og það hefur bara verið spennandi fyrir þau. Börnin hafa meira að segja lært nýtt orð sem er stytting (vinnustytting) og nota það orð á elstu deildinni þegar komið var að þeim í fáliðun. „hver er í styttingu í dag?".

Fáliðunarferli tekur á alla, börn, starfsmenn og ekki síst foreldra (svo ekki sé talað um afa og ömmur) sem þurfa jafnvel að sækja barn sitt á hádegi eða vera bara heima með barnið allan daginn. Það skal því ekki ónefnt hér að foreldrahópurinn í Funaborg hefur verið einstaklega þægilegur og sýnt stöðunni mikinn skilning og lagt sig alla fram við að aðstoða okkur við að tryggja börnunum öryggi í leikskólanum. Við erum þakklát fyrir framlag þeirra í vetur.

Í greinagerð síðasta árs sögðum við frá að fyrsta hluta breytinga við leikskólann okkar væri formlega lokið með opnun Guddumóa (skógarhússins). Starfsemi Guddumóa fer fram úr okkar björtustu vonum. Það er bara yndislegt að læra og leika í Guddumóa.

Næsti hluti breytinga og framkvæmda átti að hefjast um síðustu áramót (2022-2023) en hefur verið seinkað til miðs næsta árs (2024). Það er erfitt að bíða, því okkur langar í ungbarnadeildar, okkur langar í fallega og góða starfsmannaaðstöðu en samt er það um leið dálítill léttir að lífi okkar sé ekki raskað aaalveg strax.

Leikskólinn okkar komst á netsíður Vísis á þessu skólaári og því miður ekki af góðu. Bæði var kveikt í ruslatunnu við leikskólann sem gerði það að verkum að rúða sprakk í húsinu og reykur komst inn og svo var veggjakrotað á fallega skógarhúsið okkar.



Það var samt gaman að sjá ljósmyndarann að störfum þegar hann reyndi að stilla börnunum upp fyrir myndatökuna. Með því erfiðara sem hann hefur gert líklega. En myndin er flott, þó að krotið sé sorglegt.

Það reyndi á alla útsjónarsemi og hæfileika okkar að halda leikskólastarfi gangandi eftir brunann á meðan hreinsun og viðgerð stóð yfir. Mörg svæði voru lokuð/innsigluð og þá voru börnin færð á milli deilda, elstu börnin komu inn í hús og yngri börnin fóru út í Guddumóa, en það er bara allt hægt ef viljinn er fyrir verki og við komumst í gegnum þetta tímabil eins og annað og börnunum fannst þessi tilbreyting bara spennandi.

Í Funaborg trúum við því að barnið sé hæfur einstaklingur sem getur, skilur, kann og vill. Í félagslegri tengingu við jafningja sína, kennara, foreldra, nærumhverfi sitt og stærra samfélagið verði barnið sterkara, hafi trú á eigin getu og öðlist kjark og þor til að leysa úr eigin vandamálum og flóknum samskiptarmynstrum.

Lykilhugtök Funaborgar verða enn sem áður í hávegum höfð hamingja, leikur, málrækt, sjálfræði og heilbrigði. Við höfum sett lykilhugtökin niður á dagatal skólans til að halda þeim á lofti, auka skilning okkar á þeim og mikilvægi þeirra fyrir börnin.




Við notum verkfærin okkar þrjú, sem eru aðalsmerki Funaborgar. Þessi verkfæri eru **fimmmínútnareglan**, **val** og að segja **já í 99% tilfella**. Í raun má segja að þessi verkfæri tengist öll jákvæðri sálfræði. Fyrir breytingar á athöfnum eða verkefnum barnanna gefum við *,,vísbendingu*", við segjum: „Það eru **fimm mínútur** þangað til að við...".  Þannig koma breytingar börnunum ekki illa, þau eru sáttari, þau klára verkefnið, leikinn sem þau eru í þá stundina og vita alltaf til hvers er ætlast til af þeim. Þegar börnin hafa **val** eykur það á sjálfræði þeirra og sjálfstæði. Börnin hafa **val** um leikefni, geta valið að flytja sig og efniviðinn á milli staða, val um hvernig þau leggja á borð o.s.frv. Stundum þegar ekkert val er, t.d. þegar kalt er úti og útifatnaður nauðsynlegur er hægt að velja, viltu bláu eða grænu vettlingana? Að segja já í **99% tilfella** er ekki síðra verkfæri fyrir kennarahópinn en barnahópinn. Samskiptin við börnin verða jákvæðari og við það verður starfið einnig jákvæðara. Það er stór munur á því að svara barni sem spyr í matartíma hvort það megi fá meiri mjólk, „já þegar þú ert búin að klára matinn" eða „nei þú ert ekki búin með matinn".  Kennarar læra að hugsa ,,*hvers vegna ætla ég að segja nei áður en þeir svara barni?"* og/eða öðrum samkennurum og um leið verður starfið meira lifandi og opið, fullt af tækifærum og nýjungum.  Verkfærin okkar þrjú eru ásamt því að vera tengd jákvæðri sálfræði frábær leið til að efla sjálfræði barna. Þegar starfsfólk nær góðum tökum á verkfærunum getum við með sanni sagt að unnið sé að eflingu sjálfræðis barna á leikskólanum.

Þróunarverkefni okkar til tveggja ára lauk í maí síðastliðnum. Seinna árið var unnið með þátttöku barna í starfi og var verkefninu okkar lokið með Book Creator netbókum.

Næsta skólaár ætlum við að breyta til og hafa báðar deildar með jöfnum aldri. Unnið verður í sameiningu milli deilda, deildastjórar skipuleggja saman og Kotmýri verður miðstöð sameiningarinnar og tveir hópar hittast þar á hverjum degi.

Við ætlum starfsmannahópurinn að fara í námsferð til Glasgow og nota til þess einn af starfsdögum leikskólans. Markmiðið með ferðinni er að læra og sjá nýjar aðferðir við skráningu, við sögulestur og fylgjast með útinámi.

Með sól í hjarta og söng á vörum, eins og skátarnir, leggjum við af stað í ný ævintýri á komandi skólaári.

# 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

## Innra mat

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| **Snerpusamtöl deildarst við starfmenn deilda** | Stutt hnitmiðuð samtöl á vinnutima | Deildarstjóri<br><br>Starfsmaður deildar | Deildastjórar tóku ekki snerpusamtöl, mikil veikindi í starfmannahópnum hafði áhrif á það. Einn deildarstjóri hefur einnig nýverið tekið við deild og var því ekki kominn með nægjanlega reynslu. |
| **Starfsþróunarsamtal.** Starfsmenn fengu tíma til undirbúnings, fengu eyðublað (innri vefur) þar sem þeim gefst tækifæri á að lesa yfir og hugsa um hvað það er sem þeir vilja ræða í samtalinu | Samtal við leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra | Samtal við einn starfsmann í einu á skrifstofu eða í undirbúningsrými leikskólans | Starfsfólk var yfir heildina almennt ánægt í starfi.<br><br>Töluvert var um óöryggi og óvissu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og stöðuga frestun þeirra.<br><br>Upplýsingaflæði þarf að mati starfsmanna að vera betra.<br><br>Útivist með börnum og reglum sem gilda á því svæði var tíðrætt |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Menntastefnan**<br><br>Fyrri hluta þróunarverkefnis lokið með myndböndum<br><br>Seinni hluti þróunarverkefnis kláraður. Book creator forritið notað til að gera skil á verkefninu<br><br>Blær – vináttuverkefni Barnaheils | Spurninga könnun frá stjórnanda verkefnis frá HÍ.<br><br>Námskeið á starfsdegi fyrir allt starfsfólk | Könnunin var send á alla sem tóku þátt í mánaðarlegum fundum/fyrirlestrum í gegnum tölvupóst.<br><br>Allt starfsfólk | Myndbönd sem nýtast öllu starfsfólki, nýju starfsfólki til að eiga betri byrjun í leikskólastarfi og eldra starfsfólki til upprifjunar.<br><br>Virkari þátttaka barna með því að kennarar tileinki sér að hlusta á virkan hátt á sjónarmið barna og virkja þau til þátttöku með lýðræðislegum hætti<br><br>Námskeiðið er komið(var seint á skólaárinu) en vinna hefur ekki hafist og hefst ekki fyrr en í haust |
| **Mannauður**<br><br>**Starfsmannahandb.** | Frá fyrra skólaári, mat starfsmanna á starfsdegi, um hvað á að vera í starfsmannahandbók | Allt starfsfólk fyrir ári síðan tók þátt en ekki hefur þó gefist tími til að vinna starfsmannahandbókina | Beinagrindarhugmynd er komin af starfsmannahandbók og einstaka þættir eru komnir. |
| **Námskrá** | Ekki metið því hún er ekki tilbúin | Í vinnslu | Beinagrind er komin af námskrá, áframhaldandi vinna |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Samtöl við elsta barnahópinn** | Spurningalistar fyrir elsta barnahópinn | Deildastjóri í elstu deildar með elstu börnin í einstaklingssamtölum | Blómin svara öll að þau eigi vin í leikskólanum og flest fleiri en einn vin. Ekki hægt að greina á svörum barnanna að þeim þyki eitthvað að eða finnist eitthvað vanta í leikskólann. Börnin eru ánægð með matinn og þeim líður öllum vel á elstu deildinni. |

**Ytra mat**

Í nóvember 2022 var viðhorfskönnunin Stofnun ársins lögð fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og sá Gallup um framkvæmdina. Stofnun ársins er notað sem verkfæri fyrir stjórnendur með það markmiði að starfsfólk tjáir sig um starfsumhverfi, stjórnun og líðan á vinnustað. Það hjálpar að efla vinnustaðinn enn frekar. Í könnunni var skoðað meðal annars: stjórnun, starfsanda, launakjör, ánægju og jafnrétti. Í Funaborg voru 11 einstaklingar sem svöruðu spurningum af þeim 18 sem voru með fastráðningu á þessum tíma. Niðurstöður úr viðhorfskönnuninni voru birtar í mars og samkvæmt þeim eru fimm þættir sem fá hæstu einkunn, þrír af þeim fjalla um stjórnun leikskólans. En lægstu einkunnir eru um launakjör og leikskólarými eða heldur um hljóðvist í leikskólarýminu.

Viðhorfskönnun var send foreldrum á vegum Reykjavíkurborgar á vorönn 2023 og svörun í Funaborg var mjög góð eða 85,7%.

| **Hvað var metið?** | **Hvernig fór matið fram?** | **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** |
|---|---|---|---|
| Að greina styrkleika og áskoranir í starfsumhverfi og stjórnun starfsstaða starfsfólki og stjórnendum til hagsbóta**.** | Könnun var send á tölvupóst starfsfólks. | Starfsfólk borgarinnar burtséð frá félagsaðild. | Styrkleikar eru stjórnin, samstarfsfólk og jafnræðis. Og þessir þættir fái hæstu einkunn sem er 4,73% og 4,64%<br><br>Veikleikar miðað við svar starfsmanna eru launakjör 2,73%, starfsumhverfið eins og vinnu og skrifstofurými og hljóðvist 2,90%. |
| Viðhorf foreldra til leikskólastarfsins | Foreldrakönnun send á alla póstfang allra foreldra í gegnum Völuna | Foreldrar barna í leikskólanum | Könnunin kom mjög vel út hjá Funaborg. Árið 2021 var síðast gerð könnun og við höfum hækkað okkur í öllum þáttum frá fyrir könnun og erum fyrir ofan meðallag yfir leikskóla Reykjavíkur í öllum þáttum einnig sem er mjög ánægjulegt.<br><br>Styrkleikar miðað við svör foreldra eru að börnunum líður vel í leikskólanum og að Foreldrar telja börnin sín örugg. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | Veikleikar miðað við svör foreldra felst í því að örlítill lækkun er frá fyrri könnun um að foreldrar upplifi gott viðmót og samskipti við starfsfólk. |

## 2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig og hvenær metið/aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stjórnun** | | | | | | | |
| Snerpusamtöl deildastjóra | Snerpusamtöl verða tvö á ári, stutt samtöl, hrós og hlustun | Samtala tímabil sett inn í dagatal leikskólans | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir | okt | feb | Samtalsform af innri vef SFS | Ánægðra starfsfólk. Vettvangur til að leysa vandamál. Að raddir allra heyrist. Að við nýtum mannauðinn. |
| Fastir fundir, Stjórnendaf Deildafundir | Mánud verða fundadagar í Funaborg | Allir fundir á mánud. fh. Leikskstj og aðstoðaleik Skólastj. leysa af Ekkert annað plan sett á mánudaga | Stjórar | Haust 2023 | Vor 2024 | Metið með spurningakönnun á starfsdegi 17. maí 2024 | Að fundir séu reglulegir þrátt fyrir stundum erfiðar aðstæður í leikskólanum |
| Lausnateymisf | Á sex til átta vikna fresti | Börnin rædd með það í huga að spegla sig, leita hugmynda um íhlutun frá samstjórnendum | Sérkennslu-stjóri | Allt árið | Allt árið | Þar til gerð skráningarblöð fyrir fundi og sett í persónumöppu barna | Frekari íhlutun innanhúss, áður en sótt er aðstoð í skólaþjónustu. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Uppeldis- og menntastarf** | | | | | | | |
| Menntastefna | Forvarnir gegn einelti. | Vináttuverkefnið Blær (námskeið var fyrir alla starfsmenn vor ´23) | Deildastjórar | Allt árið | Allt árið | Samtöl á deildarfundum og skráningar með börnum | Sterkari vináttutengsl og félagsfærni barna. Umburðarlyndi, Virðing, Umhyggja og Hugrekki |
| Hæfnisrammar | Kynnast þessu verkefni . Fáum fræðslu frá SFS á starfsdegi í haust | Prófum okkur áfram með ný matstæki sem meta framfarir fjöltyngdra barna | Tengiliður fjöl-menningar Sérkennslu-stjóri og verkefna-stjóri | Allt árið | Allt árið | Ákveðið síðar | Aukin hæfni fjöltyngdra barna í íslensku málumhverfi |
| Jöfnun aldurs á yngri deildum | Deildar inni í stóra húsi verða með jafnan aldur, börn fædd 2020, 2021 og 2022 á báðum deildum Hs og Fb. | Tilraunarverkefni til að virkja félagslega hugsmíðahyggju Við lærum hvert af öðru starfsfólk og börn. | Deildastjórar beggja deilda og stjórar aðrir | Allt árið | Allt árið | Spurningarlistar til alls starfsfólks á báðum þessum deildum | Að mannauður nýtist, að fleiri verkefni verði í boði fyrir börnin. Að yngri börnin hafi fyrirmynd í eldri börnum og að eldri börnin finni til samkenndar með sér yngri. |
| Teymisvinna sérkennslustjóra og verkefnastjóra | Hlutverka-skipting og ígrundun | Markviss hlutverkaskipting á verkefnum og sameiginleg ígrundun á verkefnum | Sérkennslu-stjóri og verkefna-stjóri | 23 | 24 | Skráning á hlutverkaskiptum og fundarskráning | Aukin samvinna og ígrundun |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Mannauður/ Leikskóla bragur** | | | | | | | |
| Starfsmanna handbók | Áframhaldandi vinna við starfsmanna handbók | Unnið reglulega að starfsmanna Handbók, fastir dagar | Leikskóla-stóri Aðstoðar-leikskóla-stjóri | Ágúst 2023 | Maí 2024 | Kaflar og efni tilkynnt á starfsdögum og á fb síðu starfsmanna | Handbók fullgerð |
| Námskrá leikskólans | Áframhaldandi vinna við námskrá | Unnið reglulega að námskrá fastir dagar | Leikskóla-stóri Aðstoðar-leikskóla-stjóri | Ágúst 2023 | Maí 2024 | Kaflar og efni tilkynnt á starfsdögum og á fb síðu starfsmanna | Námskrá fullgerð |
| **Innra mat** | | | | | | | |
| Setja upp áætlun um innra mat, til eins árs og til 5. ára | Áætlun innra mats til eins árs og önnur til 5 ára | Klára vinnu sem hafin er við áætlanirnar | Leikskóla-stjóri Aðstoðar-leikskóla-stjóri | Haust 2023 | Vor 2024 | Endurmat í enda hvers skólaárs | Faglegt starf gert sýnilegt. |
| Fundur með innra mats teymi | Fundur boðaður þegar áætlanir eru tilbúnar | Fulltrúi úr foreldrahóp fer yfir og skoðar áætlanir ásamt matsteymi | Leikskóla-stjóri Aðstoðar-leikskóla-stjóri | Haust 2023 | Haust 2023 | Fundur í upphafi hvers skólaárs | Fagmennska |
| Mánudagar-fastir fundadagar | Tilraun til að halda faglegum fundum vikulega | Allir deildarfundir og stjórafundir á mánudögum fyrir hádegi. Ekkert annað plan sett á mánudaga | Stjórar Funaborgar | Allt árið | Allt árið | Spurningakönnun fyrir allt starfsfólk á starfsdegi 17. maí 2024 | Að fundir séu reglulegir þrátt fyrir stundum erfiðar aðstæður í leikskólanum |
| Tilraunaverkefni jöfnun aldurs á tveim | Deildar inni í stóra húsi verða með | Tilraunarverkefni til að virkja félagslega | Deildastjórar beggja | Allt árið | Allt árið | Spurningarlistar til alls starfsfólks á | Að mannauður nýtist, að fleiri verkefni verði í |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| deildum Hs og Fb | jafnan aldur, börn fædd 2020, 2021 og 2022 á báðum deildum Hs og Fb | hugsmíðahyggju. Við lærum hvert af öðru starfsfólk og börn. | deilda og stjórar aðrir | | | báðum þessum deildum | boði fyrir börnin. Að yngri börnin hafi fyrirmynd í eldri börnum og að eldri börnin finni til samkenndar með sér yngri. |
| Ytra mat | | | | | | | |
| Foreldra-könnun vegna foreldrafundar | Samvinna með foreldrum | Eftir foreldrafund verður send spurningakönnun til foreldra varðandi skipulag fundarins | Leikskóla-stjóri og aðstoðarleik-skólastjóri | Sept 2023 | Sept 2023 | Niðurstöður nýttar til skipulagningar næsta foreldrafundar | Betri mæting á foreldrafundi. Samvinna við foreldra |
| **Foreldra-könnun á vegum SFS** | Betra viðmót og samskipti starfsmanna við foreldra | Á starfsdegi í september verður farið yfir niðurstöður foreldrakönnuna Umræður í hópnum um samskipti milli starfsmanna og foreldra | Stjórnendur | Fundur Í sept Allt árið | Allt árið | Endurmat í leikskólanum á starfsdegi í umræðuformi. Metið út frá næstu foreldrakönnun | Að foreldrar upplifi betra viðmót og samskipti við starfsmenn. |

## 3. Innra mat Fögrubrekku



Skólaárið sem er að líða hefur verið fræðandi og skemmtilegt. Við höfum bætt við okkur fróðleik með námskeiðum og innleiðingu verkefna inn á leikskólann til að bæta starf okkar.

Aðlögun á Fögrubrekku hófst í ágúst 2022 í byrjun skólaárs. Vegna vöntunar á starfsmönnum dróst aðlögun aðeins fram á önnina og vorum við að aðlaga síðasta barn inn í lok nóvember.



Við lögðum áherslu á frjálsa leikinn og sjálfstæði barnanna. Þar sem hlustað er á rödd barnanna í þeirra eigin ákvörðunartöku. Deildin, leikföng og efniviður var yfirfarinn og aðgengi barnanna að því bætt.

Starfsfólk sótti námskeið um verkefnið *Lubbi finnur málbein* og gekk það með eindæmum vel á Fögrubrekku. Tekið var eitt málhljóð í hverri viku og skoðuð orð sem byrja á því málhljóði og með hverju málhljóði lærum við vísu. Hópastarf var skipulagt viku fyrir viku af deildarstjóra ásamt öðrum starfsmönnum deildarinnar. Í hópastarfi var lögð áhersla á lýðræði og að börnin hefðu áhrif á hvað gert var í hópastarfi.



Tilfinningar og jákvæð samskipti barnanna var í hávegum höfð. Aldurshópnum á Fögrubrekku fylgja stórar tilfinningar sem oft á tíðum erfitt er að stjórna. Þess var gætt að börnin hefðu rými til þess að tjá tilfinningar sínar og unnið var með þær

á ólíkan hátt, því jú börn eru ólík með ólíkar tilfinningar. Lögð var áhersla á einstaklingsbundnar  lausnir fyrir hvert og eitt barn.

Myndrænar skráningar voru gerðar og settar í ferilmöppur barnanna af starfi vetrarins.

## 3.1 Umbótaáætlun Fögrubrekku 2023-2024

| Umbótaþáttur/ Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Lubbi finnur málbein** | Að börnin læri málhljóð vikunnar | Það verður eitt málhljóð í hverri viku. Við lærum lögin og ræðum málhljóð vikunnar. | Deildarstjóri | 1.sept. 2023 | 1. júní 2024 | Metið á deildarfundum, þar sem farið er yfir hvað má gera betur og hvernig gengur. | Að börnin kunni málhljóð stafa og læri að bera rétt fram. Styrkir málörvun og orðaforða barnanna. |
| **Frjáls leikur** | Að börnin læri að taka sjálfstæðar ákvarðanir og styrkja sjálfsmynd barnanna. | Frjálsi leikurinn er alltaf inn í vikuplani og farið er í frjálsan leik á hverjum degi í litlum hópum. | Deildarstjóri | 1.sept 2023 | 1.júní 2024 | Á deildarfundum er metið hvernig og hvað mætti gera betur og farið yfir hvernig gengur. Myndrænar skráningar | Að börnin læri að taka ákvarðanir og fái frjálsan aðgang að efnivið og leikföngum. |
| **Þátttaka barna í starfi** | Að börnin taki eins mikinn þátt og hægt er í verkefnum dagsins. Lögð er áhersla á matartímann þar sem börnunum er treyst til að prófa/gera sjálf | Kennarar gæta þess að aðstæður séu þægilegar og efniviður aðgengilegur fyrir börnin svo þau geti gert sem mest sjálf. | Deildarstjóri | 1.sept 2023 | 1.júní 2024 | Metið á deildarfundum. Myndrænar skráningar | Að börnin hafi trú á sjálfu sér og geti gert hlutina sjálf að mestu. Kennarar eru leiðbeinendur og grípa inn í ef með þarf en börn efli sjálfstæði sitt með því að gera hlutina sjálf. |
| **Vináttuverkefni Blær** | Forvarnarverkefni gegn einelti. Stefnt er að því að börn læri samskipti við vini og hvernig koma skal fram við aðra. | Bangsinn Blær verður á deildinni okkar til að leiðbeina okkur hvernig á að koma fram við aðra. Bangsinn Blær verður með í samverustundum til að ræða um vináttu og samskipti. | Deildarstjóri | 1.sept 2023 | 1.júní 2024 | Metið á deildarfundum Myndrænar skráningar | Markmiðið er að börn læri samskipti og skilji merkingu orðsins vinátta. .Finni hversu mikilvæg vinátta er og að allir séu hluti af hópnum. |

# 4. Innra mat Guddumóa

Skólaárið 2022 – 2023 hefur gengið vel hjá okkur í Guddumóa þó veikindi hafi verið mikil bæði hjá börnum og starfsfólki. Í Guddumóa voru 24 börn fædd 2017 – 2019 þeim var skipt upp í þrjá hópa eftir aldri. Hóparnir rúlluðu á milli svæða fyrir hádegi, eftir hádegi var meira flæði á deildinni þá blönduðust hóparnir. Það hefur gengið mjög vel að blanda hópunum saman og starfsfólk sér mikinn mun hjá yngsta hóp, hvað þau eru skapandi í leik læra mikið af eldri börnunum. Starfsmannahópurinn hefur haldist vel í Guddumóa.





Okkar leikskóli hefur verið að taka þátt í þróunarverkefni sem nefnist *Þátttaka barn*, ásamt þremur öðrum leikskólum. Við tókum fyrir aukna þátttöku barna í matartíma. Við ákváðum að endurvekja umsjónamanna hlutverkið eftir að það lagðist af í Covid. Á morgunfundi er farið yfir hverjir eru umsjónamenn þann daginn, þrjú börn leggja á borð fyrir hádegismat, þau fá svuntur ef þau vilja og hver og einn leggur á borð eins og hann vill. Það er ýmislegt sem æfist þegar barn er umsjónarmaður t.d. hjálpsemi, frumkvæði, telja, sjálfstæði og margt fleira.

Á starfsdögum í vetur fengum við fengið námskeiðin, *Lubbi finnur málbein* og *Vináttuverkefnið Blæ*.

## 4.1 Umbótaáætlun Guddumóa 2023-2024

| UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS ÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig og hvenær metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Málrækt/ Málhljóð** | Að börnin læri um íslensku málhljóðin. | Notast við Lubbi finnur Málbein. | Deildarstjóri Deildar-starfsmenn | Haust 2023 | Vor 2024 | Við lesum um Lubba, syngjum og höfum Lubba stundir.<br>Metum á deildarfundum / starfsdögum | Að börnin nái góðum tökum á íslensku. |
| **Vinátta** | Að börn læri um umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki | Notast við Vináttuverkef Blær | Deildarstjóri deildarstarfs | Haust 2023 | Vor 2024 | Vináttustundir þar sem við notumst við tónlist, nudd, samræðuspjöld og fl.<br>Metum á deildarfundum / starfsdögum | Að börnin tileinki sér þessi grunngildi í samskiptum |

## 5. Innra mat Helgustekks

Nýr deildarstjóri tók við Helgustekk í október í fyrra og hefur aðlögun að nýju hlutverki gengið mjög vel, þrátt fyrir miklar áskoranir.

Það er nú komið eitt ár síðan að Helgustekkur varð miðdeild í Funaborg eftir opnun nýju deildarinnar Guddumóa. Þetta síðasta ár hafa yngstu börnin verið á Fögrubrekku, börn fædd 2019-2020 á Helgustekk og elstu börnin í Guddumóa. Það er líka komið eitt ár frá því að allt fór aftur í eðlilegt ástand eftir Covid-19.

Núna á vorönn urðu smá breytingar á deildum, tvö börn fluttu af Fögrubrekku til okkar og eitt barn frá okkur yfir í Guddumóa. Börnin á Helgustekk hafa því verið 21 á vorönninni.

Starfsfólki gekk vel að aðlagast þeim breytingum sem urðu á Helgustekk og sýndi mikið öryggi og fagmennsku í starfi

Frá árinu 2020 höfum við á Funaborg tekið þátt í þróunarverkefni ásamt þremur öðrum leikskólum. Fyrri hluti verkefnisins heitir *Flæði og samþætting*. Funaborg vann mikið með vináttu barna í þessum hluta og Helgustekkur mun halda áfram að skoða félagsleg tengsl milli barnanna. Seinni hluti þróunarverkefnisins heitir *Þátttaka barna*. Við tókum fyrir aukna þátttöku barna í matartíma. Við ákváðum að endurvekja umsjónamanna hlutverkið eftir að það lagðist af í Covid. Börnin eflast með aukinni sjálfshjálp þegar þau fá hlutverk, skammta sér sjálf, hella í glösin og ganga frá eftir sig. Þau öðlast frekara sjálfstæði.



Hópastarfið okkar er á morgnana, strax eftir morgunmat. Hóparnir eru tveir Hvolpa og Kisuhópur.

Í samverustundum hópastarfs höldum við áfram með verkefnið okkar *Lubbi finnur málbein* og í hverri viku leggjum við inn nýtt málhljóð sem börnunum finnst mjög áhugavert og spennandi. Í samverustundum eru líka valin hlutverk dagsins. Umsjónarmaður og söngstjóri.




Á Helgustekk leggjum við mikla áherslu á málörvun. Við setjum orð á allar athafnir, við lesum bækur, við syngjum og spilum. Allt hvetjandi fyrir börnin til að auka orðaforða sinn og málskilning.

Frjálsi leikurinn gegnir stóru hlutverki í dagskipulagi Helgustekks. Hlutverk starfsmanna er að veita börnunum stuðning og aðlaga umhverfið að börnunum, þannig að það virki hvetjandi fyrir leik þeirra. Við fylgjumst með börnunum, erum hvetjandi og leiðbeinandi í leik þeirra.



Foreldrasamtölin á þessari önn, fóru fram í apríl og maí. Foreldrasamtöl gegna mikilvægu hlutverki í leikskólastarfinu til að tryggja skilvirk samskipti á milli bæði kennara og foreldra.

Á deildarfundum ræðum við starfsfólk Helgustekks um barnahópinn og skipuleggjum opinn vettvang fyrir starfsfólk til að deila áhyggjum, tillögum eða hugmyndum til úrbóta. Þennan tíma notum við einnig til að fara yfir hvað gefst vel og hvað má betur fara í leikskólastarfinu.

## 5.1 Umbótaáætlun Helgustekk 2023-2024

| UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS ÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Lubbi finnur málbein** | Að börnin læri málhljóð vikunnar | Það verður eitt málhljóð í hverri viku. Við lærum lögin og ræðum málhljóð vikunnar. | Deildarstjóri | Haust 2023 | Vor 2024 | Metið á deildarfundum, þar sem farið er yfir hvað má gera betur og hvernig gengur. | Að börnin kunni málhljóð stafa og læri að bera rétt fram. Styrkir málörvun og orðaforða barnanna. |
| **Frjáls leikur** | Að börnin læri að taka sjálfstæðar ákvarðanir og styrkja sjálfsmynd barnanna. | Frjálsi leikurinn er alltaf inn í vikuplani og farið er í frjálsan leik á hverjum degi í litlum hópum. | Deildarstjóri | Haust 2023 | Vor 2024 | Á deildarfundum er metið hvernig og hvað mætti gera betur og farið yfir hvernig gengur. Myndrænar skráningar í ferilmöppu | Að börnin læri að taka ákvarðanir og fái frjálsan aðgang að efnivið og leikföngum. |
| **Þátttaka barna í starfi** | Að börnin taki eins mikinn þátt og hægt er í verkefnum dagsins. Lögð er áhersla á matartímann þar sem börnunum er treyst til að prófa/gera sjálf | Kennarar gæta þess að aðstæður séu þægilegar og efniviður aðgengilegur fyrir börnin svo þau geti gert sem mest sjálf. | Deildarstjóri | Haust 2023 | Vor 2024 | Metið á deildarfundum. Myndrænar skráningar í ferilmöppu barns | Að börnin hafi trú á sjálfu sér og geti gert hlutina sjálf að mestu. Kennarar eru leiðbeinendur og grípa inn í ef með þarf en börn efli sjálfstæði sitt með því að gera hlutina sjálf. |
| **Vináttuverkefni Blær** | Forvarnarverkefni gegn einelti. Stefnt er að því að börn læri samskipti við vini og hvernig koma skal fram við aðra. | Bangsinn Blær verður á deildinni okkar til að leiðbeina okkur hvernig á að koma fram við aðra. Bangsinn Blær verður með í samverustundum til að ræða um vináttu og samskipti. | Deildarstjóri | 1.sept 2023 | 1.júní 2024 | Metið á deildarfundum Myndrænar skráningar | Markmiðið er að börn læri samskipti og skilji merkingu orðsins vinátta. .Finni hversu mikilvæg vinátta er og að allir séu hluti af hópnum. |

## 6. Innra mat sérkennslu

| | |
|---|---|
| **Skipulagning sérkennslu 2022-2023**<br>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ? | Börn með úthlutað fjármagn, fengu stuðning kennara sem samsvarar því fjármagni sem úthlutað var. Börnin fengu að mestu stuðning og kennslu í barnahópnum. Einstaklingsnámskrár voru unnar út frá AEPS og skráningar gerðar samhliða kennslu. Einstaklingsnámskrár voru endurmetnar á 6-10 vikna fresti og uppfærst verkefni eftir getu barna. |
| **Hvaða matsgögn voru notuð?**<br>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl. | AEPS var notað sem leiðarvísir á þeim börnum sem einhver grunur vaknaði upp um frávik í þroska barns. HLJÓM-2 var lagt fyrir börn á síðasta ári leikskólanum. EFI-2 var lagt fyrir öll börn á fjórða ári í leikskólanum. Smábarnalistinn og Íslenski þroskalistinn var fylltur út í þeim tilfellum sem við átti þegar óskað var eftir frekari aðkomu sérfræðinga. |
| **Hvaða námsefni var notað?**<br>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn? | Fjárfest var í *Lubbi finnur málbein* námsgögnum. Notast var að mestu við efnivið sem nú þegar er til í leikskólanum. Bætt var við þjálfunaraðstæðu og því keypt borð í þjálfunarrými. Widgit online, Markviss málörvun, fjölbreytt kennsla og Skólavefurinn var gögn sem nýttust vel. Einnig var notast við öpp í ipad til kennslu, sem dæmi Bitsboard. |

## 6.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

| UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS ÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/ aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Málörvun** | Skipulagðir málörvunar hópar | Öll börn fái skipulagða gæða tíma sem byggja á málörvun og innlögn | Sér kennslu stjóri og verkefna stjóri | Sept 23 | Aprl 24 | Verkefna og tíma-skráning | Börnin þjálfist og læri að vera þátttakend ur í verkefnum |
| **Samvinna sérkennslustjóra og verkefnastjóra** | **Hlutverka skipting og ígrundun** | Markviss hlutverka-skipting á verkefnum og sameiginleg ígrundun á verkefnum | Sér-Kennslu-stjóri og verkefna-stjóri | 23 | 24 | Skráning á hlutverka skiptum og fundar-skráning | Aukin samvinna og ígrundun |

## 7. Innra mat – fjöltyngd börn

| | |
|---|---|
| Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað? | Fjármagn hefur verið nýtt í kaup á námsgögnum, bækur, spil ofl. |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?<br>Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10? | „Gefðu 10“ er notað í Funaborg.<br>Starfsfólk er meðvitað að setja orð á daglegar athafnir og nýta heppilegar stundir til þess eins og fataklefann, matartímann, handþvottatíma.<br>Myndrænt skipulag er á öllum deildum.<br>Lubbi finnur málbein er í notkun á öllum deildum |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?<br>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna? | Það er lesið, sungið og haldnir fundir á hverjum degi, þar sem farið er yfir daginn. Í samverustundum og söngstundum eru orð sem börnin skilja ekki útskýrð fyrir þeim. Í öllum samskiptum við börnin eru sett orð á athafnir til þess að dýpka orðaforðann og lengja setningar. |
| Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?<br>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað? | Fyrirhugað er námskeið í Hæfnisrammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.<br>Börn af erlendum uppruna sem eru með úthlutaðan stuðning fá einstaklingsnámskrá. |
| Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. | Efi -2 er lagt fyrir öll fjögurra ára börn.<br>Vonumst til að hæfnisrammarnir gefi okkur ný verkfæri. |

## 7.1 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

| UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSÞÁ TTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðf erðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Hæfnis-rammar í íslensku** | Kynnast þessu verkefni og fá fyrir lestur á starfs degi | Prófum okkur áfram. Ný matstæki sem meta framfarir fjöltyngdra barna | Tengiliður fjöl menningar | Haust 2023 | Vor 2024 | Endurmat á deildastjóra fundum /starfsmanna fundum | Aukin hæfni barna með fjöltyngi. Einstaklings námskrár |
| **Gefðu 10** | Halda áfram að nota „gefðu 10“ | Meiri eftirfylgni og markviss vinna | Sérkennslustjóri deildastjórar | Allt árið | Allt árið | Með þar til gerðum skráningarblöðum | Aukin færni barna |

## 8. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölum stjórnenda var skipt niður á milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og fóru fram í janúar og alveg fram í maí.

**Fræðsla**

**Lubbi finnur málbein** – Allt starfsfólk leikskólans á starfsdegi. Sérhannað námskeið fyrir leikskólastarfsmenn um málörvun og hljóðamyndun barna á leikskólaaldri

**Blær** – Námskeið fyrir allt starfsfólk leikskólans á starfsdegi. Vináttuverkefni sem felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta skólabrag, samstilla aðferðir í leikskólanum , eiga góð samskipti, efla félagsfærni og jákvæð viðhorf til allra í hópnum.

**EFI-2** – Sérkennslustjóri og deildastjórar. Málþroskaskimunarnámskeið. Kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða aldursári.

**Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar**. Sérkennslustjóri. Námskeiðið veitir réttindi til að halda námskeið og veita ráðgjöf til foreldra um uppeldi sem byggir á bókinni. Uppeldisbókin-að byggja upp færni til framtíðar.

**Leadership and Managment for School Principal** – Sérkennslustjóri. Námskeið sem tekur á fjölbreyttum stjórnunarháttum og leiðbeinandi stjórnunarháttum við mismunandi ástæður. Leiðbeinandi í að eiga í góðum samskiptum við starfsfólk, leysa ágreining og skipuleggja starf skólans.

**APES- Matskerfi**. Sérkennslustjóri – Kennsla á hagnýtt tæki sem nýtist við gerð einstaklingsnámskrár.

**Smábarnalistinn** – Sérkennslustjóri sat réttindanámskeið smábarnalistans. Smábarnalistinn er tæki til að meta mál og hreyfi þroska barna undir þriggja ára aldri

**Íslenski þroskalistinn** – Sérkennslustjóri sat réttindanámskeið íslenska þroskalistans. Íslenski þroskalistinn er tæki til að meta mál og hreyfiþroska þriggja til sex ára barna.

**Námskeið á vegum greiningarstöðvar**.
Starfsmaður í sérkennslu sat námskeiðið Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik. Farið var yfir helstu hugtök og aðferðir hagnýtrar atferlisgreiningar nýrrar færni og hvernig unnt er að fyrirbyggja og minnka óæskilega hegðun í vinnu með börnum á leikskólaaldri

**Fyrstu skrefin í leikskólanum** - Deildastjóri og leikskólakennari sátu námskeiðið sem fór fram á Teams á tímabilinu 15. júní 2022 til maí 2023. Markmið námskeiðsins er að styðja við þátttakendur og þeirra námssamfélög og teymi í starfi með yngstu börnum leikskólans. Áhersla á hlutverk kennarans og starfshætti sem byggjast á umhyggju og samskiptum.

**Hikmyndagerð í Stop motion** – Námskeið á vegum Mixtúru.
Starfsmaður sat námskeiðið og fékk fræðslu um stop motion appið. Lærðum um hikmyndir og hvernig best er að vinna með appið með börnum. Þátttakendur gerðu sitt eigið myndband.

**Vinnusmiðjur Menntastefnan, BBB og farsældarlögin** –
Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri sátu vinnusmiðjur um áherslubreytingar í menntun. Starfsfólk á vettvangi og starfsfólk á borgarmiðstöð hafi sama skilning á þeim hugtökum sem við notum í starfinu okkar til að tryggja öflugt samstarf um innleiðingu farsældarlaganna og fullt samræmi við menntastefnu Reykjavíkurborgar.

**Tengiliðanámskeið** – Sérkennslustjóri sat námskeið um innleiðingu tengiliðaþjónustu samþættingarlaga í leik- og grunnskóla borgarinnar. Hlutverk tengiliða er að hafa yfirsýn yfir úrræði og veita fyrstu þjónustu barna og fjölskyldu í samþættingu.

**Effective School Leadership:Implementing Continuing Learning for All –** Aðstoðarleikskólastjóri sækir þetta námskeið . Námskeiðið gengur út á að stjórnendur þekki hversu miklu lykilhlutverki þeir gegna í þróun náms í þeirra skólum.

**Boosting Creative Thinking and Problem Solving –** Þrír leikskólakennarar sóttu þetta námskeið. Á námskeiðinu verða sýndar margar aðferðir til að hlúa að og þjálfa og að lokum bæta sköpunargáfu.

## 9. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Hamraskóli og Foldaskóli hafa báðir verið samstarfsskólar Funaborgar og það hefur farið eftir nemendafjölda í hvorn skóla, hvor það er sem verður fyrir valinu. Foldaskóli verður samstarfsskólinn okkar næsta skólaár. Elsti árgangurinn fer í skólaheimsóknir með Leikskólum Sunnufoldar. Þá verður samstarf við frístundarheimilið Regnbogaland. Dagskráin er ekki tilbúin, kemur frá Foldaskóla haust 2023.

## 10 Foreldrasamvinna

Foreldrafundur verður haldinn að kvöldi í september í húsnæði leikskólans. Á fundinum verður farið yfir dagskrá skólaársins, farið yfir helstu reglur og boðið upp á umræður, fyrst allir saman og svo á deildum. Kosið verður í stjórn foreldrafélagsins og í foreldraráð.

Foreldrasamtöl deildastjóra og foreldra eru tvisvar yfir skólaárið. Að minnsta kosti eitt samtal í húsi og svo símaviðtöl ef við á. Foreldrar geta

hvenær sem er utan þessa ákveðna tíma óskað eftir samtali, hvort sem er við deildastjóra, aðstoðarleikskólastjóra eða leikskólastjóra. Einnig er hægt að óska eftir að sérkennslustjóri sé með í samtölum ef þess þykir þurfa.

Í desember bjóða börnin foreldrum sínum í heimabakaðar smákökur og ristað brauð að morgni dags. Afar og ömmur eru boðin velkomin til okkar í mars og þá er boðið upp á vöfflur.

Í lok nóvember er piparkökumálun í samstarfi við foreldrafélagið. Það hefur gefist vel að hafa piparkökumálunina í lok á virkum vikudegi, þar sem fleiri virðast komast.

Leikskólinn og foreldrafélagið standa saman að sumarhátíð í júní. Allur dagurinn litast af sumarhátíðar stemmningu í leikskólanum og foreldrum er boðið í leikskólann eftir hádegi til að taka þátt í gleðinni. Ýmislegt er brallað á þessum degi, Hoppukastalar er föst venja á Funaborg. Uppákomur og leikir eru breytilegir á milli ára á sumarhátíð, en það er alltaf skemmtilegt hjá okkur á þessum degi.

Elsti árgangurinn býður foreldrum sínum til útskriftarveislu í maí.

Foreldraráð, leikskólastjóri og tengiliður starfsmanna hittast á nokkrum fundum yfir árið og ræða málin. Foreldraráð kemur að öllum stærri ákvörðunarmálum leikskólans og foreldraráð les yfir starfsáætlun og samþykkir áður en henni er skilað.

## 10. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskólar Reykjavíkur eiga sex starfsdaga á ári, þrír af þeim eru sameiginlegir með grunnskólum og dagsetning hinn þriggja er ákvörðun stjórnendateymis í leikskólanum

**22. september** Hæfnisrammar

**24. nóvember** Sameiginlegur starfsdagur með grunnskóla – verkfæri Funaborgar

**10. janúar** – ekki ákveðið

**06. febrúar** sameiginlegur starfsdagur með grunnskóla – dagur leikskólans – ekki ákveðið

**26. apríl** námsferð til Skotlands

**17. maí** sameiginlegur starfsdagur með grunnskóla – ekki ákveðið

## 11. Fylgigögn

Dagatal

Viðburðaskrá

**Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs**

F. h. leikskólans Funaborgar

____________________________________01. júlí 2023

Leikskólastjóri Dagsetning

**Fylgiskjal 3**

# Starfsáætlun 2023 – 2024
# Leikskólinn Funaborg

## Umsögn foreldraráðs

**Umsögn foreldraráðs:**

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun Leikskólans Funaborgar fyrir veturinn 2023 – 2024 og staðfestir að hún uppfyllir þau skilyrði sem SFS setur.

Við lestur á innra mati leikskólans er greinilegt að allir vinna saman að því markmiði að gera Funaborg að leikskóla þar sem börnin dafna vel í leik og starfi. Stefna og faglegt starf leikskólans er metnaðarfullt og einkennist af áhugasömum verkefnum sem hæfa aldri og þroska barnanna.

Í vinnu með börnunum eru notaðar þrjár vinnureglur, sem eru aðalsmerki Funaborgar. Þessi verkfæri eru fimmmínútnareglan, val og að segja já í 99% tilfella. Kennarar læra að hugsa: *„Hvers vegna ætla ég að segja nei?“* áður en þeir svara barni og/eða samkennurum. Lögð er áherslu á frjálsa leikinn og sjálfstæði barnanna. Þar sem hlustað er á rödd barnanna í þeirra eigin ákvörðunartöku.

„Gefðu 10“ er notað í Funaborg. Starfsfólk er meðvitað að setja orð á daglegar athafnir og nýta heppilegar stundir til þess eins og fataklefann, matartímann, handþvottatíma. Myndrænt skipulag er á öllum deildum. Starfsfólk sótti námskeið um verkefnið *Lubbi finnur málbein* og er nú í notkun á öllum deildum. Starfsfólk sótti sömuleiðis Blæ námskeið á starfsdegi. Í verkefnum með Blæ eru unnin verkefni sem fyrirbyggja einelti með því að móta skólabrag,

samstilla aðferðir í leikskólanum, eiga góð samskipti, efla félagsfærni og jákvæð viðhorf til allra í hópnum.

Þróunarverkefni til tveggja ára lauk í maí síðastliðnum. Seinna árið var unnið með þátttöku barna í starfi og var verkefninu lokið með Book Creator netbókum. Næsta skólaár verða báðar deildar með jöfnum aldri. Unnið verður í sameiningu milli deilda, deildastjórar skipuleggja saman og Kotmýri verður miðstöð sameiningarinnar og tveir hópar hittast þar á hverjum degi.

Í greinagerð síðasta árs var sagt frá því að fyrsti hluti breytinga við leikskólann var formlega lokið með opnun Guddumóa (skógarhússins) og er mikil ánægja með húsnæðið. Næsti hluti breytinga og framkvæmda átti að hefjast um síðustu áramót (2022-2023) en hefur verið seinkað til miðs næsta árs (2024).

Það verður spennandi að fylgjast með þeirri þróun sem verður á starfsemi Funaborgar á komandi vetri í þessum glæsilega starfsmannahópi.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Bára Kolbrún Gylfadóttir

## Foreldraráð leikskólans skipa:

**Bára Kolbrún Gylfadóttir**
**Alma Lind Smáradóttir**
**Sif Jónsdóttir**
**Hrönn Þorgeirsdóttir**
**Málfríður Guðný Kolbeinsdóttir**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og
  þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

LÁTUM
**DRAUMANA**
RÆTAST

**Viðburðarskrá**

**starfsdagar**

23. sept eftir aðlögun - hæfnisrammar

24. nóv. jólagleði sameiginlegur með grunnskóla – verkfærin - fyrirlestur

10. janúar Endurmat annar og skipulag næstu annar

06. febrúar – dagur leikskólans – sameiginlegur með grunnskóla

26. apríl Námsferð Funaborgar til Glasgow

17. maí sameiginlegur starfsdagur með grunnskóla. Harpan

**Ágúst**

Lykilhugtak hamingju

Aðlaganir eftir 21. ágúst

**September**

15. sept appelsínugulur dagur

23. sept starfsdagur

26. september foreldrafundur í húsi – tímasetning 19:30

Ódagsett í sept húsdýragarður námskeið

**Október**

Lykilhugtakið málrækt

Bleikur dagur 13 október

Alþjóðlegur bangsadagur

Foreldrasamtöl

Snerpusamtöl deildastjórar við starfsfólk deilda

**Nóvember**

Baráttudagur gegn einelti

16. nóvember dagur íslenskrar tungu

dagur mannréttinda barna

24. nóvember starfsdagur, sameiginlegur með grunnskóla og jólagleði starfsmanna

Körfugerð fyrir jólakaffið

Bakstur fyrir jólakaffi

28.nóvember piparkökumálun foreldrafélagsins

**Desember**

1.desember jólakaffi fyrir foreldra

Jólaball 15. desember

21. desember Náttfatadagur á stysta degi ársins

22. rauður dagur

**Ódagsett fyrir ágúst til janúar**

Bókasafnsferðir fyrir árgang 2019

Árbæjarsafn í desember árgangur 2018

Fjölskyldu og húsdýragarður námskeið árgangur 2018

**Janúar**

Lykilhugtakið leikurinn

06. janúar þrettándinn

10 janúar starfsdagur

19. janúar Bóndadagur, allir mæta í einhverri lopaflík

**Febrúar**

06. febrúar starfsdagur og dagur leikskólans.

09. febrúar svart/hvítur dagur

18. febrúar Konudagur

12 febrúar bolludagur

13. febrúar sprengidagur

14. febrúar Öskudagur og Valentínusardagur

**Mars**

Lykilhugtakið sjálfræði

12. mars Afa og ömmu kaffi – vöfflur klukkan 14.00 til 15:30

21. mars Rokkum á sokkum Alþjóðlegur dagur downs

22. mars gulur dagur

28. mars skírdagur

29. mars föstudagurinn langi

31. mars Páskadagur

**Apríl**

01. apríl annar í páskum

25. apríl sumardagurinn fyrsti

26. apríl starfsdagur – námsferð til Glasgow

**Maí**

01 maí Baráttu dagur verkalýðsins

09. maí uppstigningardagur

17. maí starfsdagur sameiginlegur með grunnskóla

19. maí Hvítasunnudagur

20. maí annar í Hvítasunnu

28. maí útskrift???

**Júní**

1 júní 5 ára afmæli Funaborgar og snúðaskokk

17. júní þjóðhátíðardagur Íslendinga

**Júlí**

Skil á starfsáætlun leikskólans

Ódagsett janúar til júlí

Bókasafnsferðir 2019

Dótasafnsferð árbæjarsafn 2019

Þjóðminjasafnið 2019.

Sinfónía Íslands

Þjóðleikhúsið

Borgarleikhúsið

Samstarf við Foldaskóla, Regnbogaland

Umferðarfræðsla

slökkvilið fræðsla

Samband íslenskra sveitarfélaga

# Leikskóladagatal 2023 - 2024

**Nafn skóla:**

| ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Þ | | 1 F | | 1 S | | 1 M | |
| 2 M | | 2 L | | 2 M | Lykilhugtakið málrækt | 2 F | |
| 3 F | | 3 S | | 3 Þ | | 3 F | |
| 4 F | | 4 M | | 4 M | | 4 L | |
| 5 L | | 5 Þ | | 5 F | | 5 S | |
| 6 S | | 6 M | | 6 F | | 6 M | |
| 7 M | Frídagur verslunarmanna | 7 F | | 7 L | | 7 Þ | |
| 8 Þ | Lykilhugtakið hamingja | 8 F | Dagur læsis | 8 S | | 8 M | Baráttudagur gegn einelti |
| 9 M | | 9 L | | 9 M | | 9 F | |
| 10 F | | 10 S | | 10 Þ | | 10 F | |
| 11 F | | 11 M | | 11 M | | 11 L | |
| 12 L | | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | |
| 13 S | | 13 M | | 13 F | Bleikur dagur | 13 M | |
| 14 M | | 14 F | | 14 L | | 14 Þ | |
| 15 Þ | Aðlögun | 15 F | Appelsínug. dagur | 15 S | | 15 M | |
| 16 M | | 16 L | Dagur íslenskrar náttúru | 16 M | | 16 F | Dagur íslenskrar tungu |
| 17 F | | 17 S | | 17 Þ | | 17 F | |
| 18 F | | 18 M | | 18 M | | 18 L | |
| 19 L | | 19 Þ | | 19 F | | 19 S | |
| 20 S | | 20 M | | 20 F | | 20 M | Dagur mannréttinda barna |
| 21 M | | 21 F | | 21 L | | 21 Þ | |
| 22 Þ | Skólasetning | 22 F | starfsdagur | 22 S | | 22 M | |
| 23 M | | 23 L | | 23 M | | 23 F | |
| 24 F | | 24 S | | 24 Þ | | 24 F | Starfsdagur |
| 25 F | | 25 M | | 25 M | | 25 L | |
| 26 L | | 26 Þ | Evrópski tungumd. foreldrafundur Funaborg | 26 F | Vetrarfrí í grunnskólum | 26 S | |
| 27 S | | 27 M | | 27 F | Vetrarfrí í grunns/alþjl bangsa | 27 M | |
| 28 M | | 28 F | | 28 L | Fyrsti vetrardagur | Þ | Piparkökum foreldraf |
| 29 Þ | | 29 F | | 29 S | | 29 M | |
| 30 M | | 30 L | | 30 M | | 30 F | |
| 31 F | | | | 31 Þ | | | |

| DESEMBER | | JANÚAR | | FEBRÚAR | | MARS | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F | Fullveldisd/jólakaffi | 1 M | Nýársdagur | 1 F | | 1 F | lykilhugt sjálfræði |
| 2 L | | 2 Þ | Lykilhugt leikurinn | 2 F | | 2 L | |
| 3 S | | 3 M | | 3 L | | 3 S | |
| 4 M | | 4 F | | 4 S | | 4 M | |
| 5 Þ | | 5 F | | 5 M | | 5 Þ | |
| 6 M | | 6 L | Þrettándinn | 6 Þ | Starfsd /Dagur leikskólans | 6 M | |
| 7 F | | 7 S | | 7 M | | 7 F | |
| 8 F | | 8 M | | 8 F | | 8 F | |
| 9 L | | 9 Þ | | 9 F | Svartur og hvítur dagur | 9 L | |
| 10 S | | 10 M | Starfsdagur | 10 L | | 10 S | |
| 11 M | | 11 F | | 11 S | Dagur íslenska táknmálsins | 11 M | |
| 12 Þ | | 12 F | | 12 M | Bolludagur | 12 Þ | Afa og ömmu kaffi |
| 13 M | | 13 L | | 13 Þ | Sprengidagur | 13 M | |
| 14 F | | 14 S | | 14 M | Öskudagur | 14 F | Dagur stærðfræðinnar |
| 15 F | J'olaball | 15 M | | 15 F | | 15 F | |
| 16 L | | 16 Þ | | 16 F | | 16 L | |
| 17 S | | 17 M | | 17 L | | 17 S | |
| 18 M | | 18 F | | 18 S | Konudagur - upphaf Góu | 18 M | |
| 19 Þ | | 19 F | Bóndadagur - upphaf Þorra | 19 M | Vetrarfrí í grunnskólum | 19 Þ | |
| 20 M | | 20 L | | 20 Þ | Vetrarfrí í grunnskólum | 20 M | |
| 21 F | Náttfatadagur | 21 S | | 21 M | | 21 F | Rokkum á sokkum |
| 22 F | Rauður dagur | 22 M | | 22 F | | 22 F | Gulur dagur |
| 23 L | Þorláksmessa | 23 Þ | | 23 F | | 23 L | |
| 24 S | Aðfangadagur jóla | 24 M | | 24 L | | 24 S | Pálmasunnudagur |
| 25 M | Jóladagur | 25 F | | 25 S | | 25 M | |
| 26 Þ | Annar í jólum | 26 F | | 26 M | | 26 Þ | |
| 27 M | | 27 L | | 27 Þ | | 27 M | |
| 28 F | | 28 S | | 28 M | | 28 F | Skírdagur |
| 29 F | | 29 M | | 29 F | | 29 F | Föstudagurinn langi |
| 30 L | | 30 Þ | | | | 30 L | |
| 31 S | Gamlársdagur | 31 M | | | | 31 S | Páskadagur |

| APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | | JÚLÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 M | Annar í Páskum | 1 M | Verkalýðsdagurinn | 1 L | 5 ára afmæli Funaborgar | 1 M | skil á starfsáætlun |
| 2 Þ | | 2 F | | 2 S | Sjómannadagurinn | 2 Þ | |
| 3 M | | 3 F | | 3 M | | 3 M | |
| 4 F | | 4 L | | 4 Þ | | 4 F | |
| 5 F | | 5 S | | 5 M | | 5 F | |
| 6 L | | 6 M | | 6 F | Skólaslit | 6 L | |
| 7 S | | 7 Þ | | 7 F | | 7 S | |
| 8 M | | 8 M | | 8 L | | 8 M | |
| 9 Þ | | 9 F | Uppstigningardagur | 9 S | | 9 Þ | |
| 10 M | | 10 F | | 10 M | | 10 M | |
| 11 F | | 11 L | | 11 Þ | | 11 F | |
| 12 F | | 12 S | | 12 M | | 12 F | |
| 13 L | | 13 M | | 13 F | | 13 L | |
| 14 S | | 14 Þ | | 14 F | | 14 S | |
| 15 M | | 15 M | | 15 L | | 15 M | |
| 16 Þ | | 16 F | | 16 S | | 16 Þ | |
| 17 M | | 17 F | Menntastefnmót Starfsdagir | 17 M | Lýðveldisdagurinn | 17 M | |
| 18 F | | 18 L | | 18 Þ | | 18 F | |
| 19 F | | 19 S | Hvítasunnudagur | 19 M | | 19 F | |
| 20 L | | 20 M | Annar í Hvítasunnu | 20 F | | 20 L | |
| 21 S | | 21 Þ | | 21 F | | 21 S | |
| 22 M | | 22 M | | 22 L | | 22 M | |
| 23 Þ | | 23 F | | 23 S | | 23 Þ | |
| 24 M | | 24 F | | 24 M | | 24 M | |
| 25 F | Sumardagurinn fyrsti | 25 L | | 25 Þ | | 25 F | |
| 26 F | Starfsdagur | 26 S | | 26 M | Fæðingardagur forseta Íslands (GThJ) | 26 F | |
| 27 L | | 27 M | | 27 F | | 27 L | |
| 28 S | | 28 Þ | Útskrift ? | 28 F | | 28 S | |
| 29 M | | 29 M | | 29 L | | 29 M | |
| 30 Þ | | 30 F | | 30 S | | 30 Þ | |
| | | 31 F | | | | 31 M | |

**Í reglum um leikskólaþjónustu segir:**

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka